

Alþingi
Erindi nr. P 143/68
komudagur 28.10.2013

28. október 2013

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi við Austurvöll

Varðar: Frumvarp um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014 – 2. mál 143. löggjafarþing

Við er til ofangreinds frumvarps. Athugasemdir Samtaka fjármálafyrirtækja lúta fyrst og fremst að þremur þáttum frumvarpsins. Í fyrsta lagi að breytingu á lögum um tryggingagjald (Kafli III), í öðru lagi að breytingu á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (Kafli V) og loks að breytingu á lögum um fjársýsluskatt (Kafli VI).

1. Breyting á lögum um tryggingagjald.

Samtök fjármálafyrirtækja fagna þeirri lækkun sem áformuð er á skatthlutfalli tryggingagjalds og boðaðri stefnu um frekari lækkanir þess á næstu árum. Samtök fjármálafyrirtækja telja þó að hér sé of hægt farið. Tilfni er til þess að lækka skatthlutfallið mun meira og hraðar en áformað er, ekki síst með tilliti til lækkunar útgjalda vegna atvinnuleysistrygginga. Rétt er jafnframt að minna á samkomulag aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar frá 2011 þar sem gefin voru fyrirheit um lækkanir skatthlutfalls tryggingagjalds.

2. Breyting á lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki og fjársýsluskatti

Með frumvarpinu er áformað að hækka skatthlutfall sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki úr 0,041% í 0,145% eða rösklega 3,5 falda skatthlutfallið. Þessi breyting þýðir að skattlagning á aðildarfyrirtæki Samtaka fjármálafyrirtækja hækkar úr 1,1 milljarði króna í tæpa 3,9 milljarða króna milli árana 2013 og 2014. Það er hækkun um 2,8 milljarða króna. Á móti þessu vegur að áformað er að lækka skatthlutfall fjársýsluskatts úr 6,75% í 4,5%. Sú breyting lækkar fjársýsluskatt í heild um 1,1 milljarð króna og þar af kemur um 0,8 milljarða króna lækkun í hlut aðildarfélaga Samtaka fjármálafyrirtækja. Samanlagt fela þessar breytingar í sér aukna skattlagningu á aðildarfyrirtæki Samtaka fjármálafyrirtækja sem nemur 2 milljörðum króna. Um þetta vilja Samtök fjármálafyrirtækja segja eftirfarandi:

- a) Á undanförunum árum hafa verið tíðar breytingar á skattlagningu fjármálafyrirtækja. Nokkrir nýir skattar leiddir í lög og þeim breytt árlega. Gjarnan hafa þessi skattar verið rökstuddir með tilvísunum í hugmyndir sem hafa verið í umræðu erlendis eða byggðir á fyrirmyndum sem fundist hafa í einhverjum nágrannalöndum. Þannig hefur skattlagning fjármálafyrirtækja hér á landi orðið einhvers konar sögusafn skatta á fjármálafyrirtæki. Hér hefur verið innleiddur sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki (lagður á skuldir fjármálafyrirtækja), viðbót við sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki (lagður á skuldir fjármálafyrirtækja), fjársýsluskattur (lagður á launagjöld fjármálafyrirtækja) og sérstakur fjársýsluskattur (6% skattur á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 milljarð króna). Auk þessa hafa iðgjöld til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta verið margfölduð frá því sem áður var. Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja ætti að stefna að því einfalda fyrirkomulag skattlagningar fjármálafyrirtækja og samræma hana því sem almennt gerist um fyrirtæki í landinu.
- b) Ótekjutengd gjöld sem lögð eru á fjármálafyrirtæki hafa farið hraðvaxandi á undanförunum árum. Á árinu 2007 voru þau alls um 4,1 milljarður króna en á árinu 2012 náðu þau 14,1 milljarði króna. Á þessu ári eru þau áætluð um 12,6 milljarðar króna og stafar lækkunin af því að felldur var niður sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, sem samkomulag varð um í desember 2010 til að fjármagna tímabundna (árin 2011 og 2012) vaxtaniðurgreiðslu íbúðarlána. Með þeirri breytingu sem er áformuð með frumvarpinu stefnir í að ótekjutengd gjöld nemi um 14,6 milljarði króna á árinu 2014. Samkvæmt því munu ótekjutengd gjöld hafa 3,5 faldast frá árinu 2007 á sama tíma og fjármálakerfið er á flesta mælikvarða aðeins þriðjungur af þeirri stærð sem það var 2007. Óhjákvæmilegt er að slík gjaldtaka hafi áhrif á kostnað við rekstur fjármálakerfisins. Til að gefa vísbendingu námu hreinar vaxtatekjur stóru bankanna þriggja um 94 milljörðum króna á árinu 2012. Ótekjutengd gjöld á árinu 2012 voru því um 15% af hreinu vaxtatekjum. Mótsagnakennt er að kalla eftir lægri vaxtamun og lækkun kostnaðar í rekstri fjármálafyrirtækja á sama tíma og þessi gjöld eru aukin jafnt og þétt.
- c) Að mati Samtaka fjármálafyrirtækja kemur vel til álita í því skyni að einfalda skattlagninguna að fella niður fjársýsluskatt en mæta lækkun tekna með enn frekari hækkun sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki. Með því móti væri einum skattinum færra. Fjársýsluskatturinn leggst einnig þungt á mörg smærri fjármálafyrirtæki þar sem launakostnaður er stærsti kostnaðarliður þeirra. Þannig dregur hann úr samkeppni. Fjársýsluskattur á sér fá fordæmi í nágretta- og samkeppnislöndum. Rök sem hafa verið notuð hér á landi svo sem að hann dragi úr launahækkunum eiga ekki við rök að styðjast. Ef hann hefur einhver vinnuþröskuldur leiðir hann til fækkunar starfsfólks sérstaklega í útibúakerfinu. Rök eins og að skatturinn komi í stað virðisaukaskatts sem ekki er lagður á fjármálastarfsemi eiga ekki frekar við hér á landi en annars staðar.

- d) Ljóst er að sérstakur tímabundinn skattur á fjármálafyrirtæki af þeirri stærðargráðu sem frumvarpið ráðgerir, 0,145%, og jafnvel enn hærrí sbr. umfjöllun í c) lið hér að ofan er mjög íþyngjandi fyrir innlend fjármálafyrirtæki og mun skekkja samstöðu þeirra gagnvart öðrum innlendum og erlendum lánveitendum. Aðeins þrjú lönd í okkar umhverfi hafa tekið upp skatta eða gjald af þessu tagi, þ.e. Svíþjóð, Þýskaland og Bretland. Í Svíþjóð og Þýskalandi rennur gjaldið í sérstakan sjóð til að mæta framtíðaráföllum í fjármálakerfinu. Í báðum þessum löndum er stefnt að uppbyggingu sjóðs að markaðri stærð. Skatt- eða gjaldahlutföll í þessum þremur löndum eru á bilinu 0,03-0,04%. Á næstu árum hlýtur stefnan að verða sú að fella niður sérstaka skatta af þessu tagi og samræma starfskilyrði hér á landi því sem gerist í samkeppnislöndum.
- e) Með frumvarpinu er einnig áformað að fella niður undanþágu aðila skv. 1. mgr. sem sætir slitameðferð, sbr. [101. gr. laga nr. 161/2002](#), um fjármálafyrirtæki. Ekki er gerð tillaga um að undanþága opinberra lánasjóða, sbr. a) liður 2. greinar laganna verði felld niður. Þessi mismunur skekkir samkeppnisstöðu fyrirtækja á lánamarkaði. Með stórfelldri hækkun skatthlutfallsins verður þessi mismunur enn meiri og mikilvægt að löggjafinn stígi varlega til jarðar í að auka stöðugt slíka mismunur. Samtök fjármálafyrirtækja telja ástæðu til þess að fella niður undanþágu þessara aðila.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF

Fylgiskjal: Yfirlit um opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2007 til 2013

Opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2007-2013 - Gögn ná til allra aðildarfélaga SFF								
							Áætlun	Áætlun
Í milljónum króna	2007	2008	2009	2010	2011		2012	2013
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.316	3.068	2.415	2.421	4.142		3.230	3.100
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, 0,0875%% af skuldum					1.959		2.210	0
Tryggingagjald	2.312	2.972	2.204	2.681	3.313		3.261	3.447
Tekjuskattur	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669		7.011	10.141
Fasteignagjöld	N/A	639	733	317	328		291	266
Almennt eftirlitsgjald vegna Fjármálaeftirlits	483	665	538	654	1.000		1.216	1.227
Gjöld vegna viðbótareftirlits	0	273	1.824	183	39		16	9
Fjármálaeftirlit samtals	483	938	2.363	837	1.039		1.232	1.236
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, 041% af sku	0	0	0	994	1.006		1.089	1.055
UMS / Ráðgjafastofa heimilanna	N/A	20	26	247	624		630	675
Fjársýsluskattur (5,45% 2012 ,6,75% 2013, af launum)							2.186	2.844
Sérstakur fjársýsluskattur, 6% af hagnaði umfram 1 ma.kr.							1.626	2.673
Samtals öll gjöld	21.635	25.059	16.111	28.277	25.080		22.766	25.437
Flokkun gjalda	2007	2008	2009	2010	2011		2012	2013
Ótekjutengd gjöld	4.111	7.638	7.741	7.497	12.411		14.129	12.623
Tekjutengd gjöld	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669		8.637	12.814